

# Ísland – landslag og litir

## Recollections of Icelandic Colours

# Sabine Hasler

Sýning í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
Exhibition in Sigurjón Ólafsson Museum
20.10. 2018 – 06.10. 2019
www.LSO.is



**Sabine Hasler**, fædd Baumgartner, er alin upp í Emmental í Sviss og var faðir hennar steinsmiður og myndhöggvari. Hún lauk námi sem kennari, en fór síðan í starfsnám til hins þekkta leirkerasmiðs Heinz Gerber í Bern. Frá 1980 hefur hún rekið eigin vinnustofu þar sem hún kennir, hannar og býr til listmuni og postulínsvörur úr steinleir fyrir heimili og kaffistofur.

Töfrar steinleirsins, fjölbreytileiki formsins, en ekki síður ögrun við liti glerjungsins, hafa verið viðfangsefni Sabine og hefur hún náð meistaralegum tökum á þeim.

Eiginmaður Sabine er Lorenz Hasler fiðluleikari og fyrrverandi skólastjóri Tónlistarskólans í Köniz í nágrenni Bern. Þau búa í einu af þessum stóru bæjarhúsum frá sautjándu öld sem þekkt eru víða um Sviss og þau breyttu í íbúð, tónlistarskóla, tónleikasal og vinnustofu fyrir leirbrennslu. Lorenz leikur með svissnesku salon-hljómsveitinni *I Salonisti* og er í forsvari fyrir henni. Í gegnum kunningsskap við þau hefur sveitin heimsótt Ísland tvisvar sinnum. Sjálf leikur Sabine bæði á píanó og sembal og saman standa þau fyrir tónleikaröð í húsi sínu, Zingghaus.

Sabine hefur tengst Listasafni Sigurjóns og aðstandendum þess vináttuböndum áratugum saman og árið 1993 hannaði hún og gerði bollastell úr ljósum steinleir fyrir kaffistofuna, prýtt merki safnsins. Hún hefur oft komið til Íslands og á sýningunni birtast hughrif hennar frá íslenskri náttúru í glerjungi og

keramík.

**Sabine Hasler**

Daughter of a stonemason and sculptor in Emmental, Switzerland, trained as a schoolteacher, then apprenticed to the ceramicist Heinz Gerber at his studio (Tip-Topf) in Bern. Since 1980 she has worked from her own studio in Köniz, by Bern, creating ceramics for household use and designing tableware.

The variety of forms in the immeasurably long history of the craft and the 'alchemy' of glazes inspire creativity and innovation in the contemporary practitioner. Sabine is constantly drawn to the workshop of her farmhouse family home, seeking elegant solutions to the making of useful and aesthetically pleasing objects, balancing practical constraints with artistic sensibility.

The unforgettable impressions made by the colours and contours of the Icelandic landscape during several visits to the island are the inspiration behind the artefacts displayed at this exhibition at the Sigurjón Ólafsson Museum.

**Sabine Hasler**

Tochter eines Steinmetzen und Bildhauers, Ausbildung zur Lehrerin, dann Lehrjahre im Keramikatelier "Tip-Topf" von Heinz Gerber in Bern. Ab 1980 die eigene Werkstatt – Gebrauchskeramik machen, Geschirr entwerfen, drehen und glasieren – damit gibt sich Sabine seit Jahren ab. Die Formenvielfalt des jahrtausendalten Handwerks, die ‚Alchemie' der Glasuren regen an zu eigenem Gestalten. Der Wert des Handwerks, die Ansprüche an einen Gebrauchsgegenstand, die Schönheit eines Artefakt – diese Herausforderungen ziehen Sabine immer wieder in ihre Werkstatt im alten Bauernhaus nahe bei Bern, wo sie mit ihrer Familie lebt. Landschaften und Farben in Island – unvergessliche Eindrücke verschiedener Reisen in Island – sind Inspiration für die Gestaltung der Objekte in der Ausstellung im Sigurjón Ólafsson Museum.



Sabine Hasler
Zingghaus
Schwarzenburgstrasse 287
CH 3098 Köniz
www.haslerei.ch/aktuell/toepferei

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND